



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangout - 23.8.2016 kl. 18:00

Mætt:

Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Ragnar Róbertsson (RR)

Fjarverandi:

Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Torfæra í USA

AKÍS hefur heyrt af áformum nokkurra íslenskra torfæruökumanna að fara með keppnistæki sín til Bandaríkjana 30. september til 2. október 2016. Um er að ræða Bikini Bottoms Off-Road Park torfærusvæðið og stendur til að sýna þar og keppa við heimamenn.

Þó svo að AKÍS komi þetta ekki beinlínis við, þá eru þarna að fara flestir keppendur í torfæru í ár. Verði einhver vandamál með tryggingar er hætta á því að þeir muni bera afar skarðan hlut frá borði.

Beðið hefur verið um upplýsingar um tryggingar og fleira en þær ekki borist ennþá.

2. Aga- og úrskurðarnefnd - ferðakostnaður

Samþykkt að AKÍS greiði ferðakostnað nefndarmanna á fund sem verður fimmtudaginn 25. ágúst fyrir þá sem þurfa að fara í flug.

3. Atvik á Poulsen torfærunni 16. júlí 2016

Dómnefnd er að vinna að málinu.

4. NEZ fundur í Osló 28. & 29. október 2016

Samþykkt að senda nefnd frá AKÍS á fundinn. Kostnaður áætlaður allt að 500.000.



5. Formannafundur og verðlaunaafhending

Samþykkt tillaga um dagsetningu og tíma:

Formannafundur: 5. nóvember 2016 kl. 10:00 í sal ÍSÍ

Verðlaunaafhending: 5. nóvember 2016 kl. 16:00 í sal ÍSÍ

6. Önnur mál